

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samþykkt breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna uppbyggingar við Straumsvíkurhöfn.

FORSENDUR BREYTINGA:

Hafnarfjarðarbær og Hafnarfjarðarhöfn áforma að stækka Straumsvíkurhöfn. Með stækkun hafnarinnar verður hægt að taka á móti fleiri skipum og þjóna betur annarri atvinnustarfsemi. Lagt var upp með að áfangaskipta stækkuninni í 3 áfanga og byrja á 1 áfanga sem gerir ráð fyrir 800 m löngum varnargarði og landfyllingu. Vegna breyttra forsenda verður áfangaskiptingunni breytt sem hefur í för með sér breytta afmörkun hafnarsvæðisins og aukna landfyllingu. Efnispörf fyrir landfyllinguna er sótt í Rauðamelsnámu en einnig verður efni sótt úr námu með framkvæmdaleyfi í sjó, t.d. úr Faxaflóa, Hvalfirði og/eða Kollafirði.

BREYTING Á HAFNARADSTÖÐU:

Umhverfismatsskýrsla vegna stækkunar Straumsvíkurhafnar fór í kynningu 17.05.2024. Í henni er fjallað með nánari hætti um forsendur, skilmála og umhverfisáhrif vegna stækkunar Straumsvíkurhafnar. Vegna skipulagsvinnunnar og vinnu við umhverfismatsskýrslu hefur átt sér stað umfangsmikið samráð milli hagaðila sem hefur falið í sér vikulega fundi þar sem ráðgjafar og helstu hagaðilar vinna saman að úrlausnarefnum, miðla upplýsingum og upplýsa um framgang mála.


Áframhaldandi samráð verður við helstu fagaðila. Eins og lög gera ráð fyrir verður breyting á aðalskipulagi sendi umsagnaraðilum.

Gerð er breyting á Straumsvíkurhöfn (H4) sem stækkar úr 25,2 ha í 33,4 ha.

EFNISTÖKUSVÆÐI:

Rauðamelsnáma er opin náma 15,6 ha að stærð, sem afmörkuð var með aðalskipulagsbreytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar dags. 29.12.2023. Þar sem stækkun Straumsvíkurhafnar verður ekki lengur áfangaskipt eykst efnispörf við upphaf framkvæmda við höfnina. Sú efnistaka sem fram fer á landi mun fyrst og fremst eiga sér stað í Rauðamelsnámu og þangað verða sótt allt að 1.340.000 m³. Efnistökusvæði Rauðamelsnámu (E4) er 15,6 ha og verður eftir breytingu 22,6 ha.

FYRIR



Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025
Staðfest af Skipulagsstofnun 10.07.2014
Breyting staðfest 29.12.2023
Mkv. : 1:15.000

BREYTINGAR Á TÖFLUM Í GREINARGERÐ:

Breytingar á landnýtingarflokkum samfara þessari breytingu varða eftirfarandi töflur.


Fyrir breytingu:

Tafla 8			
Mörking	Heiti	Stærð ha	Lýsing
H1	Suðurhöfn	41,4 ha	Aðal flutninga- og fiskihöfn Hafnarfjarðar.
H3	Norðurbakki	0,2	Rönd á hafnarbakka fyrir minni skip og báta
H4	Straumsvíkurhöfn	25,2 ha	Almenn höfn sem sinnir þörfum álversins og fyrirtækjum í nágrenni hafnarinnar. Á svæðinu eru iðnaðarlóðir fyrir fjölbreytta iðnaðarstarfsemi sem samræmist þeirri starfsemi sem fyrir er á svæðinu.
H6	Hamarshöfn	1	Ný smábátahöfn og 5 m stranslína meðfram M5
	Heildarstærð	67,8	

Fyrir breytingu:

Tafla 9			
Mörking	Heiti	Stærð ha	Lýsing
E1	Undirhlíðanáma	43	Vinnsla
E2	Kapelluhraun	2	Svæði skógræktar. Vinnsla
E3	Öbrynnishólar	8	Vinnsla að msetu hætt.
E4	Rauðamelsnáma	15,6	Vinnsla. Stórgrýti og minna fylliefni. Efnistaka 180.000 m ³ .
	Heildarstærð	68,6	

EFTIR



Breytt landnotkun
Mkv. : 1:15.000

Eftir breytingu:

Tafla 8			
Mörking	Heiti	Stærð ha	Lýsing
H1	Suðurhöfn	41,4	Aðal flutninga- og fiskihöfn Hafnarfjarðar.
H3	Norðurbakki	0,2	Rönd á hafnarbakka fyrir minni skip og báta
H4	Straumsvíkurhöfn	33,4	Almenn höfn sem sinnir þörfum álversins og fyrirtækjum í nágrenni hafnarinnar. Á svæðinu eru iðnaðarlóðir fyrir fjölbreytta iðnaðarstarfsemi sem samræmist þeirri starfsemi sem fyrir er á svæðinu.
H6	Hamarshöfn	1	Ný smábátahöfn og 5 m stranslína meðfram M5
	Heildarstærð	76	

Eftir breytingu:

Tafla 9			
Mörking	Heiti	Stærð ha	Lýsing
E1	Undirhlíðanáma	43	Vinnsla
E2	Kapelluhraun	2	Svæði skógræktar. Vinnsla
E3	Öbrynnishólar	8	Vinnsla að msetu hætt.
E4	Rauðamelsnáma	22,6	Vinnsla. Stórgrýti og minna fylliefni. Efnistaka 1.340.000 m ³ .
	Heildarstærð	75,6	

SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi var auglýst samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 5. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Tillaga var auglýst frá _____ 2024

til _____ 2024 og var samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar

þann _____ 2024

Bæjarstjórnin í Hafnarfirði

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

þann _____ 2024

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í

B-deild stjórnartíðinda þann _____ 2024

SKIPULAGSGÖGN
Skipulagsuppráttur
Greinargerð júní 2024

Skýringar

- Hverfisvernd (HV)
- Varúðarsvæði (VA)
- Önnur náttúruvernd (ÖN)
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)
- Hafnir (H)
- Iðnaðarsvæði (I)
- Opin svæði (OP)
- Skipulagi frestað (SF)
- Íþróttasvæði (ÍÞ)
- Öbyggð svæði (ÖB)
- Vötn, ár og sjór (V)
- Mörk skipulagsbreytinga

Hnitakerfi: [ISN93]

Blaðstærð: A2

VSÓ RÁÐGJÖF

Teikning: 22153_ASK_T_THU_03

Skipulag: IAK

Yfirfarið:

Breytingar:

VINNSLUTILLAGA

AÐ BREYTING Á AÐALSKIPULAGI HAFNARFJARÐAR 2013-2025

SVÆÐI: Straumsvíkurhöfn og Rauðamelsnáma

STÆKKUN STRAUMSVÍKURHAFNAR og RAUÐAMELSNÁMU



UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ HAFNARJARÐAR
06.06.2024